

L Ö G

um

ríkisskattanevnd.

20

23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisskattanevnd skipa þrjú menn og 2 varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna í þeirri röð, er fjármálaráðherra ákveður.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar menn í nefndina og ákveður formann hennar. Skulu nefndarmenn skipaðir til 6 ára þannig, að einn nefndarmaður fer frá annaðhvert ár, í fyrstu tvö skiptin eftir hlutkesti. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði og annar á sjávarútvegi og viðskiptum.

3. gr.

Ríkisskattanevnd hefir aðsetur í Reykjavík. Skal nefndinni ætlað rúm í húsnæði Skattstofu Reykjavíkur. Skattstjórinn í Reykjavík skal vera ráðunautur nefndarinnar og aðstoða hana að því leyti, sem starf hans leyfir og eigi kemur í bága við endurskoðun og úrskurði nefndarinnar um hans eigin verk.

4. gr.

Störf ríkisskattanevndar eru þessi:

1. Að úrskurða kærur út af úrskurðum yfirskattanevnda um álagningu tekju- og eignarskatts og útsvara. Séu kærur um tekju- og eignarskatt ásamt öllum nauðsynlegum gögnum komnar til nefndarinnar eigi síðar en í júlilök. Ríkisskattanevnd skal hafa lagt úrskurð á kærur þessar fyrir októberlök, og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilunum úrslitin tafarlaust.

Kærur um útsvör séu komnar til nefndarinnar eigi síðar en 2 mánuðum eftir dagsetningu úrskurða yfirskattanevnda.

2. Að hafa eftirlit með störfum skattanevnda, skattstjóra og yfirskattanevnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn eða þeir, er nefndin kveður til þess, ferðast

20

23. júní

um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin eða umboðsmenn hennar skulu og yfirfara skattaskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum.

Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar um eignar- og tekjuskatt er fullnaðarúrskurður, nema um dómstólamál sé að ræða samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Úrskurður nefndarinnar um útsvarskæru er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

5. gr.

Yfirskattanefndum ber að senda ríkisskattanefnd skattskrá ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, jafnskjótt og þær hafa lokið störfum.

6. gr.

Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til upplýsinga frá einstaklingum og stofnunum og skattanefndir samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, og ennfremur hefir nefndin ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegna.

7. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa gerðabók og rita í hana úrskurði og aðrar ákvarðanir.

8. gr.

Um skilyrði og skyldu til setu í ríkisskattanefnd, um þagnarskyldu nefndarmanna og um þátttöku þeirra í úrskurðum, er varða þá sjálfa eða venzlamenn þeirra, gilda sömu ákvæði og um skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn samkvæmt gildandi skattalögum, og sömuleiðis um viðurlög, ef út af er brugðið. Þeir menn, sem ríkisskattanefnd kynni að kveðja sér til aðstoðar um störf samkvæmt 6. gr., skulu sömu skyldum háðir um drengskaparvottorð og þagnarskyldu sem skattanefndamenn.

9. gr.

20

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og skal ákveðinn 23. júní í fjárlögum.

10. gr.

Nánari fyriræli um störf nefndarinnar er fjármálaráðuneytinu heimilt að setja með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

21

um

23. júní

skiptameðferð á búi Sildareinkasölu Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bú Sildareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanevnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra